

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/78/EB

2010/EES/32/29

frá 29. september 2006

um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. viðauka við hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

Að höfðu samráði við vísindanefndina um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aukaafurðir úr dýrum, sem falla undir efni í 1. eða 2. flokki samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002, um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, eru bannaðar sem hluti af framleiðsluferli tæknilegrar vöru, s.s. snyrtivöru ⁽²⁾. Þessar takmarkanir á uppruna, sem eru settar á snyrtivörur sem framleiddar eru innan Bandalagsins, skulu auknar þannig að þær nái yfir innfluttar vörur.
- 2) Þar eð sérstakt áhættuefni, sem skilgreint er í V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽³⁾, heyrir undir efni í 1. flokki, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1774/2002, er ekki lengur nauðsynlegt að vísa til þess viðauka í færslu nr. 419 í II. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

3) Í samræmi við 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 gilda ákvæði A-hluta XI. viðauka við þá reglugerð uns samþykkt verður ákvörðun í samræmi við 2. eða 4. mgr. 5. gr. en eftir það öðlast 8. gr. reglugerðarinnar og V. viðauki við hana gildi.

4) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í II. viðauka við tilskipun 76/768/EBE komi eftirfarandi í stað færslu nr. 419:

„419. Efni í 1. og 2. flokki, eins og þau eru skilgreind í 4. og 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002, og innihaldsefni sem eru unnin úr þeim.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. mars 2007. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 56. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/65/EB (Stjtið. EB L 198, 23.12.2006, bls. 11).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2006 (Stjtið. ESB L 36, 8.2.2006, bls. 25).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1041/2006 (Stjtið. ESB L 187, 8.4.2006, bls. 10).

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. september 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.
